

**52. fundur sveitarstjórnar haldinn að Hlíðarvegi 6,  
8. mars 2017 og hófst hann kl. 09:15**

**Fundinn sátu:**

Sigurður Böðvarsson varaoddviti, Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir aðalmaður, Friðrik K. Jakobsson aðalmaður, Helgi Héðinsson aðalmaður, Elísabet Sigurðardóttir varamaður og Þorsteinn Gunnarsson sveitarstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri

**Dagskrá:**

Í upphafi fundar óskar varaoddviti, sem stýrir fundi, eftir því að bæta við einu máli á dagskrá með afbrigðum:

1703006 - Samgönguáætlun - Ályktun

Samþykkt samhljóða að bæta málinu á dagskrá undir dagskrárlíð 13.

**1. Lögreglusamþykkt: Endurskoðun – 1612020**

*Sveitarstjórn ákvað við fyrri umræðu um nýja lögreglusamþykkt á fundi sínum 8. febrúar síðastliðinn að birta hana á heimasíðu hreppsins og óska eftir athugasemdum frá íbúum Skútustaðahrepps fyrir seinni umræðuna.*

*Alls bárust fimm athugasemdir; frá Hjördísi Finnbogadóttur, Leifi Hallgrímssyni, stjórn Fjöreggs, Garðari Finnssyni og Birki Fanndal.*

*Sveitarstjórn þakkar fyrir innsendar athugasemdir og mun taka þær til athugunar fyrir seinni umræðuna sem fram fer á næsta sveitarstjórnarfund.*

**2. Staða fráveitumála – 1701019**

*Frá síðasta sveitarstjórnarfund hefur sveitarstjórn m.a. sent frá sér fréttatilkynningu vegna umfjöllunar um fráveitumál í fjölmiðlum, skrifað grein í Fréttablaðið, sveitarstjóri hefur átt fund með Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirliti Norðausturlands, sent erindi til fjármálaráðherra og síðasta mánudag sat sveitarstjóri fund með umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis.*

*Lagt fram bréf frá Umhverfisstofnun frá 21. febrúar síðastliðnum um mat fráveituframkvæmda sem beinist að öllum þéttbýlum inn til landsins til að gefa skýrari mynd af áskorunum sveitarfélaga sem ekki losa skólp til sjávar, með hliðsjón af sértæku álagi, vernd og kröfum. Gefin eru stig/einkunnir fyrir mismunandi þætti eins og áhrif ferðamanna, ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa, verndarstöðu og nýtingu. Niðurstaða þessa mats er að brýnasta þörf á aðgerðum er í Skútustaðahreppi:*

- 1. Skútustaðahreppur, Reykjahlíð, Mývatn: 58 stig.*
- 2. Skútustaðahreppur, dreifbýli (vatnasvið Mývatns): 58 stig.*
- 3. Bláskógabyggð, dreifbýli (vatnasvið Þingvallavatns): 40 stig.*

*Þrjú sveitarfélög eru með 36 stig, önnur mun minna.*

*Mat Umhverfisstofnunar undirstrikar enn frekar sérstöðu Mývatns.*

*Sveitarstjórn Skútustaðahrepps ítrekar enn og aftur að frá 2014 hefur hún lagt ríka áherslu á fráveitumál í sveitarfélaginu og átt frumkvæði að samstarfi stjórnvalda um málefnið. Jafnframt að ríkisvaldið komi með fjármagn í fráveituframkvæmdir á grunni verndarlaganna um Mývatn og Laxá sem og til frekari rannsókna en eins og segir í 9. gr. verndarlaganna: "Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum."*

þb

SB. 1

*Að mati sveitarstjórnar Skútustaðahrepps er boltinn því hjá ríkisvaldinu en sveitarstjórn mun halda áfram að vinna að framgangi málsins.*

**3. Skútustaðahreppur: Skipurit - 1702023**

*Í tengslum við gerð mannauðsstefnu sveitarfélagsins lagði sveitarstjóri fram drög að skipuriti fyrir Skútustaðahrepp sem tekur mið af núverandi skipulagi. Þar er starfseminni skipt í fjóra málaflokka:*

*Fjármál- og stjórnsýsla.*

*Félags-, menningar-, æskulýðs- og íþróttamál.*

*Fræðslumál.*

*Umhverfis-, skipulags- og byggingamál.*

*Sveitarstjórn samþykkir tillöguna samhljóða.*

**4. Skútustaðahreppur: Skiltamál - 1703003**

*Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra og skipulags- og byggingafulltrúa í samstarfi við skipulagsnefnd, Umhverfisstofnun og Vegagerðina að endurskoða fyrirkomulag upplýsingaskilta í sveitarfélaginu.*

**5. Skútustaðahreppur: Stefnumótun í málaflokkum - 1702025**

*Nú er unnið að stefnumótun í ferðaþjónustu, umhverfismálum, mannauðsmálum auk lögreglusamþykktar. Lögð fram tillaga um að fara í stefnumótun í eftirfarandi málaflokkum:*

*- Skólafélag (fyrir öll skólastig). Umsjón: Skólanefnd.*

*- Fjölskyldustefna (lýðheilsa, heilsueflandi samfélag, íþróttir, tómstundir, menningarmál og forvarnir). Umsjón: Félags- og menningarmálanefnd.*

*- Stefna í málefnum aldraðra. Umsjón: Félags- og menningarmálanefnd.*

*- Atvinnumálafélag. Umsjón: Atvinnumálanefnd.*

*- Stefna í skjala- og vefmálum. Umsjón: Sveitarstjórn.*

*Sveitarstjórn samþykkir tillöguna samhljóða og vísar til viðkomandi nefnda sem bera ábyrgð á framkvæmd þeirra. Jafnframt leggur sveitarstjórn áherslu á að haft verði samráð við sem flesta, t.d. með íbúafundum. Stefnumótunin verði tilbúin 20. september næstkomandi.*

**6. Reykjahlíðarskóli: Frístundastarf - 1702012**

*Lagðar fram umsagnir foreldra/forráðamanna varðandi drög að starfsemi fyrirhugaðs frístundastarfs við Reykjahlíðarskóla næsta haust. Alls bárust 11 umsagnir og eru þær flestar jákvæðar.*

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra og skólastjóra í samstarfi við skólanefnd að útfæra frístundastarfið í samræmi við fyrirliggjandi tillögu og þær umsagnir sem bárust.*

**7. Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023: Stefnumótun í ferðaþjónustu - 1702024**

*Vegna nýrrar stefnumótunar í ferðaþjónustu í Skútustaðahreppi sem unnið hefur verið að undanfarin tvö ár felur sveitarstjórn skipulagsnefnd að annast málsmeðferð vegna breytinga á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 eins og 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um. Breytingin á aðalskipulagi skal miðast við það að gerður verði viðauki við gildandi aðalskipulag þar sem innleiddur verði nýr kafli um stefnumörkun í ferðaþjónustu með áherslu á að stýra því í hvaða farveg ferðaþjónustan og uppbygging hennar fer, í sátt og samlyndi við íbúa, náttúruna og hagsmunaaðila. Samið hefur verið við ráðgjafafyrirtækið Alta til að halda utan um þessa vinnu.*

**8. Upplýsingagjöf til ferðamanna - 1612032**

*Framhald frá 49. fundi sveitarstjórnar. Í ljósi breytinga hjá Mývatnsstofu ehf. lagði sveitarstjórn áherslu á að upplýsingagjöf til ferðamanna verði fram haldið í*

*Mývatnssveit. Sveitarfélagið hafði frumkvæði að fundi með Umhverfisstofnun, Vatnajökulspjöldgarði og Landgræðslunni vegna málsins í febrúar s.l. Samkvæmt upplýsingum frá sviðsstjóra Umhverfisstofnunar er gert ráð fyrir því að upplýsingamiðstöðin í Mývatnssstofu verði mönnuð frá og með miðjum mánuðinum.*

**9. Karlakórinn Hreimur: Styrkbeiðni - 1703002**

*Auglýsingabeiðni frá karlakórnum Hreimi vegna útgáfu söngskrár 2017. Sveitarstjórn samþykkir að kaupa auglýsingu í söngskrá karlákórsins Hreims fyrir 25.000 kr. sem bókast á lykil 21-41-4070 og rúmast innan fjárhagsáætlunar ársins.*

**10. Skipulagsnefnd: Fundargerðir - 1611022**

*Fundargerð skipulagsnefndar frá 27. febrúar 2017. Fundargerðin er í fimm liðum.*

*Liður 1. Hofstaðir. Tillaga að deiliskipulagi.*

*Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulagstillöguna þar sem komið hefur verið til móts við innkomnar athugasemdir og felur skipulags- og byggingarfulltrúa málsmeðferð vegna gildistöku tillögunnar eins og 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.*

*Liður 2. Vogar 1. Breyting á deiliskipulagi.*

*Sveitarstjórn samþykkir tillögu að breytingu á deiliskipulagi og felur skipulags- og byggingarfulltrúa málsmeðferð vegna gildistöku breytingartillögunnar eins og skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um.*

*Liður 3. Deiliskipulag Bjarnarflagsvirkjunar. Breytt afmörkun vegna fyrirhugaðrar stækkunar Jarðbaðanna.*

*Sveitarstjórn samþykkir að fela skipulags- og byggingarfulltrúa málsmeðferð vegna breytingar á skipulagsmörkum Bjarnarflagsvirkjunar eins og 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um (grenndarkynning).*

*Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.*

**11. Skýrsla sveitarstjóra - 1611024**

*Sveitarstjóri fór yfir og lagði fram skýrslu um helstu verkefni frá síðasta sveitarstjórnarfundum. Skýrslan verður jafnframt birt á heimasíðu sveitarfélagsins.*

**12. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerðir - 1611015**

*Fundargerð 847. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 24. febrúar 2017 lögð fram.*

**13. Samgönguáætlun - ályktun – 1703006**

*Sveitarstjórn Skútustaðahrepps lýsir yfir miklum vonbrigðum með boðaðan niðurskurð í samgönguáætlun og tekur undir bókun stjórnar Samtaka ferðaþjónustunnar um málið þar sem segir:*

*“Það er með ólíkindum að þeim nauðsynlegu samgönguframkvæmdum sem ferðaþjónustan hefur ítrekað kallað eftir sé nú enn og aftur ýtt út af borðinu. Sem dæmi má nefna Dettifossveg. Þær framkvæmdir hafa ítrekað verið slegnar af á sama tíma og meðaltalsaukning umferðar um svæðið er umtalsvert meiri en gengur og gerist á Íslandi. Þá á dreifing og álagsstýring ferðamanna á svæðinu mikið undir að Dettifossvegur verði greiðfær allan ársins hring.”*

*Sveitarstjórn Skútustaðahrepps leggur jafnframt ríka áherslu á að samhliða uppbyggingu vegakerfisins verði fjármögnuð nauðsynleg uppbygging innviða og rekstur þeirra tryggður.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:30**

Sigurður Þorsteinsson

Þóroddur

Þhanna K. Fjalladóttir

\_\_\_\_\_

Helgi Hildur

Ólafur Gunnarsson

Elisabet Sigurðardóttir

\_\_\_\_\_